

## 46. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 12. mars 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Ekki hafa borist fleiri uppsagnir á vistunarplássum, þannig að fjöldi barna og starfsfólks er stöðugur og reiknað með að svo verði áfram.

Leikskólinn verður lokaður í fjórar vikur í sumar þ.e. 20. virka daga í stað 24 áður og verður sumarlokun frá 14. júlí og opnað aftur 12. ágúst.

Starfsdagur var um daginn og þá var unnið í námskrá leikskólans þar sem unnið var með markmiðaleiðir o.fl. og er nokkuð góð beinagrind að námskrá komin. En starfsdagar sem þessir eru mjög gagnlegir starfinu.

Talmeinafræðingur kom í tvo daga í síðustu viku og er von á að hún komi einn dag í viðbót í vor.

Öskudagurinn tókst mjög vel og var hann með hefðbundnu sniði.

Leikskólinn sótti um styrk til Menntamálaráðuneytis vegna samstarfsverkefnis Leikskóla, Grunnskóla og Tónlistarskóla, svar hefur ekki borist, en almenn ánægja er með þetta samstarf.

Fyrsti bekkur grunnskólans kom í heimsókn um daginn með blokkflauturnar sínar ásamt Hafsteini Sigurðssyni.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði Sigrún framkomnum fyrirspurnum.

Spurt var nánar út í samstarfsverkefni skólanna þriggja.

#### b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Tók Gunnar undir orð Sigrúnar varðandi samstarfsverkefnið.

Miðannarprófum er lokið, ásamt foreldraviðtölum og nú líður að samræmdum prófum 10. bekkjar.

Einn kennari er í veikindaleyfi hjá skólanum frá því snemma í febrúar og hafa nokkrir kennara komið að kennslu í forföllum.

Olweus verkefnið, þ.e. átak gegn einelti er í gangi í skólanum, en stýrihóp þess skipa eftirtaldir aðilar: Elín Kristinsdóttir, Ágústína Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Guðrún Marta Ársælsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sólborg Olga Bjarnadóttir, Una Jóhannesdóttir, námsráðgjafi frá FSS, Gunnar Svanlaugsson, Hanna Jónsdóttir, Björn Sverrisson. Verkefnið fer vel af stað, en þetta er samstarfsverkefni skólanna á Nesinu og tekur eitt og hálf ári í framkvæmd.

Foreldraráð Grunnskólans hefur verið fullskipað og skipa það Daði Jóhannesson, Alma Diego og Steinunn Helgadóttir .

Samkvæmt grunnskólalögum skal hver grunnskóli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Á vorönn 2003 verða gerðar úttektir hér á Norðvesturkjördæmi. Auður B. Kristinsdóttir og Guðrún Karlsdóttir frá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands munu stjórna þeirri vinnu hér í GSS, Steinunn Helgadóttir verður fulltrúi foreldra .

Öskudagurinn gekk mjög vel, var með hefðbundnu sniði, þ.e. öskudagsgöngu, balli fyrir yngri bekki í íþróttamiðstöð og fyrir eldri bekki í félagsmiðstöð.

Upplstrarkeppni nemenda í 7. bekk er lokið. Í undankeppni sem fram fór í Stykkishólmskirkju mánudaginn 3. mars sl. voru valdir þrír fulltrúar 7. bekkjar grunnskólans í Stykkishólmi til að fara í lokakeppni á Hellissandi en þar urðu tvær stúlkur héðan þær Kristín Lilja Gunnsteinsdóttir og Sigrún Björk Sævarsdóttir í fyrsta og öðru sæti.

Samfés-ferðin var sl. föstudag fyrir nemendur 8.-10. bekkjar og var dagurinn vel heppnaður.

Gunnar greindi frá því að hann sé fulltrúi skólans í starfshóp um forvarnir.

Undirbúningur árshátíðar er í fullum gangi en hún verður 19. og 20. mars nk.

Þá stóð FVA fyrir stærðfræðikeppni fyrir nemendur 8.-10. bekkja á Vesturlandi. Tveir nemendur, þeir Kristinn Bjarni Heimisson 10. bekk og Gísli Sveinn Gretarsson 9. bekk voru meðal tíu efstu og hefur þeim og fjölskyldum þeirra verið boðið að koma á Akranes nk. laugardag og vera viðstödd verðlaunaafhendingu.

Gunnar svaraði framkomnum fyrirspurnum.

## 2. Önnur mál.

- a) Formaður fór yfir svar við trúnaðarerindi frá síðasta ári og gerði grein fyrir tillögum FSS að úrbótum.
- b) Formaður lagði fram hugleiðingu varðandi starfshóp um forvarnir. Miklar umræður urðu um málið.
- c) Framhaldsskóli Snæfellinga.  
Formaður las upp eftirfarandi hugleiðingu um skipulag og uppbyggingu framhaldsskóla Snæfellinga:

**Framhaldsskóli Snæfellinga** er í deiglunni, undirbúningsvinna og skipulagning er kannski í góðum farvegi, en í huga flestra nokkuð óljós.

- ◆ Gert er ráð fyrir að skólinn taki til starfa árið 2004 með tveim bekkjum og hefur verið rætt um að skólinn skapi sér sérstöðu, með notkun nýjustu tækni í fjarkennslubúnaði.
- ◆ Eðlilegt er að foreldrar og nemendur spyrji hvernig nýting nýjustu tækni í fjarkennslu verði í reynd fyrir nemendur í Stykkishólmi, þar sem lagt er upp með það sem sérkenni á Framhaldskólanum.

- ◆ Verður t.d. leiðbeinandi í kennslustofum og fylgst með nemendum meðan kennsla fer fram 1-2 daga í viku með fjarkennslubúnaði skv. nýjustu tækni í Snæfellsbæ og Stykkishólmi ?
- ◆ Eða verða nemendur keyrðir alla daga vikunnar í Grundarfjörð ?
- ◆ Hvað er t.d. áætlaður kostnaður við akstur nemenda til og frá skóla ?
- ◆ Ekki má gleyma kostnaði við akstur kennara sem búsettir eru annarsstaðar en í Grundarfirði og geta ekki nýtt sér skólabíla og bætast þá dagpeningar einnig við í einhverjum tilvikum og óhjákvæmilega ferðatími sem ekki nýtist til kennslu.
- ◆ Margar spurningar hvíla á foreldrum og nemendum við val á framhaldsskóla og skiptir þá miklu að fyrir liggi fljótlega hvaða námsbrautir verða í boði í Framhaldsskóla Snæfellinga.
- ◆ Val foreldra byggir oftast á mati á kostnaði við nám fjarri heimabyggð og þroska unglingsins til flytja að heiman.
- ◆ Skiptir þá einnig máli hvernig gengur að ráða kennara til skólans með réttindi til framhaldsskólakennslu.  
Að ofangreindu má ljóst vera að í mörg horn er að líta m.t.t. skipulags Framhaldsskóla Snæfellinga þegar kemur að nýtingu nýjustu tækni í fjarkennslubúnaði og lágmörkun kostnaðar fyrir heimilin á Snæfellsnesi.

Miklar umræður urðu um málið.

d) Næsti fundur ákveðinn 2. apríl nk.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).